

Söfnunarstefna Byggðasafnsins Hvals á Dalvík

1. Saga, aðbúnaður og starfsemi

Saga safnsins

Safnið var upphaflega byggt á dugnaði og elju fárra manna í byggðalaginu sem voru safnarar. Seinna gáfu þeir Dalvíkurbyggð safnkostinn sinn og var hann þá gróflega frumskráður og settur upp í því húsnæði sem hýsir hann að mestu enn.

Byggðasafnið Hvoll var formlega opnað 12. desember 1987. Safnið er fjórskipt:

- Byggðasafn
- Náttúrugripasafn
- Minningasafn um þekktu einstaklinga byggðalagsins.
- Munir frá vinabæ Dalvíkur á austurströnd Grænlands – Ittoqqortoormit/Scoresbysund

Sýningar eru eftirfarandi í húsinu:

- Saga byggðalagsins í formi munasýningu
- Byggðasaga í formi margmiðlunar
- Náttúrugripasýning
- Sérstakar sýningar á munum úr eigu Jóhanns Péturssonar og Kristjáns Eldjárns og eru þeim tileinkaðar tvær stofur hússins
- Innsetning um Dalvíkurskjálftann sem var árið 1934
- Sumarsýningar
- Sýningar í sýningarkössum í ráðhúsi og í menningarhúsi Dalvíkurbyggðar

Fastir atburðir á Byggðasafninu Hvoli eru:

- Eyfirski safnadagurinn fyrsta laugardag í maí
- Íslenski safnadagurinn í júlí.
- Sumaruppákomur í formi fyrirlestra og afþreyingu eru nokkrar yfir sumarmánuðina.

Starfsemi safnsins felst í: framkvæmdastjórn, rekstri skrifstofu, fjármögnun, söfnun, skráningu muna í Sarp, varðveislu, rannsóknum, upplýsingagjöf vegna fyrirspurna, auglýsingum og kynningarstarfssemi, safnkennslu og viðhaldi safnhússins.

Áhersla er lögð á samvinnu við aðrar stofnanir s.s. önnur söfn. Þetta auðgar starfsemi safnsins og eflir það út á við.

Húsnæði

Safnhúsið Hvoll var byggt árið 1930 af Jóni Emil Stefánssyni Húsasmíðameistara (Jonna í Hvoli) en hann var fyrsti heiðursborgari Dalvíkurbyggðar. Í húsinu voru tvær íbúðir. Árið 1934 bætti hann geymslu við húsið en það er 250 fermetrar að stærð, jarðhæð, miðhæð og ris. Í dag er allt húsið nýtt undir sýningar, skrifstofu og geymslu en einnig eru aðrar geymslur á nokkrum stöðum á Dalvík. Húsakostur er takmarkaður og stýrir að nokkru leyti gerð sýninga og söfnun muna.

2. Söfnunarstefnan

Markmið

Með vísan til 5. gr. Þjóðminjalaga er meginhlutverk safnsins að: safna, skrásetja, forverja, varðveita, rannsaka og kynna menningarsögulegar minjar byggðarinnar.

Söfnunarsvæði

Söfnunarsvæði safnsins er Upsaströnd, Dalvík, Svarfaðardalur og Árskógsströnd. Einkum er safnað munum frá svæðinu sem tengjast húshaldi og gömlum atvinnuháttum á sjó og landi. Áhersla er lögð á sögu byggðalagsins og allt það sem upplýst getur byggðasöguna. Bærinn Ittoqqortoormit á Grænlandi er vinabær Dalvíkurbyggðar og skal safna sérstökum gripum þar frá til að tengja þessa tvo bæi á norðurhjara veraldar.

Tímabil söfnunar

Safnmunir eru flestir frá 19. öld og fram á miðja 20. öld. Ekki er áætlað að safna fjöldaframlendum munum eftir miðja 20. öld, heldur að leggja áherslu á handverk og gamla tímann.

Söfnunarsvið

Byggðasafnið leggur áherslu á söfnun muna úr gamla bændasamfélaginu og allt það sem tengist lífi fólks til sjós og lands á þeim tíma sem skilgreindur er og hefur skírskotun til lífshátta svæðisins. Helstu söfnunarflokkar eru:

- **Landbúnaður** þ.e. gömul áhöld og verkfæri
- **Sjávarnytjar** – safnið safnar ekki bátum og veiðarfærum til viðbótar þeim sem nú þegar eru á safninu
- **Verslunarminjar** sem eru eldri en frá árinu 1930
- **Iðnaður** aðeins er tekið við þeim gripum sem tengjast handverki. Verksmiðjugripum er ekki safnað
- **Heimilisiðnaði** er safnað s.s. eftirfarandi munum sem tengjast tóskap, útskurði, textíl, gull og silfursmíði og verkfærum sem tengjast þessari iðju
- **Heimilishald** lögð er áhersla á að safna munum sem sýna aðbúnað í torfbæjum og híbýlum fólks

- **Híbýlahættir** safnað er heimildum um hús og húsagerðum svæðisins og munum fyrir rafvæðingu húsa
- **Samgöngur** öllum gripum sem tengjast ferðalögum á landi fyrir vélaöld s.s. skíði, skautar og sleðar
- **Félagssaga** munum sem tengjast skemmtunum og tónlist svo og þeim munum sem tengjast farskólum byggðalagsins
- **Kirkjugripir**
- **Fjölskylduhættir** öllu sem tengist börnum, s.s. leikföng og fatnaður.
- **Stjórnsýsla** gamla tímans s.s. heimildir og gripir.
- **Myndlist** sem safninu áskotnast ef listamaðurinn er frá svæðinu eða listaverkið tengist því á eftirminnilegan hátt
- **Ljósmyndum** þeim sem tengjast beint deildum safnsins
- **Heilsugæsla** munir sem tengjast hefðbundnum og óhefðbundnum læknum í byggðalaginu fyrr á tímum og heimildir og gripir ljósmæðra fyrr á tímum
- **Skjölum** þeim sem tengjast beint deildum safnsins
- **Náttúrugripir**
- **Jóhann K. Pétursson og Kristján Eldjárn**, munum sem tengjast þeim. Öðrum merktum einstaklingum byggðalagsins verður einnig reynt að gera skil þó ekki í eins miklum mæli
- **Grænlenkir gripir** frá Vinabænum, Ittoqqortoormit/Scoresbysund. Fáir útvaldir gripir sem marka sérstöðu þeirra
- **Fornleifar**. Áhersla er lögð á að nálgast upplýsingar um fornleifar, mannvistarleifar og önnur minningarmörk og skrá þau en jarðfundnir munir eldri en 100 ára eru ekki vistaðir á safninu heldur á Þjóðminjasafni Íslands

3. Aðferðir við söfnun

Safnið tekur á móti flestum munum sem bjóðast, auglýsir og safnar munum sem falla undir söfnunarstefnu safnsins. Hægt er að kaupa muni ef munurinn hefur sögulegt gildi fyrir söfnunarsvæðið.

Móttaka og skráning

Þegar tekið er við grip er hann hreinsaður og forskráður í aðfangabók safnsins. Síðan er honum pakkað þangað til hann verður rannsakaður og skráður í Sarp sem er skráningarkerfi safnsins.

Grisjun

Meginmarkmið safnsins er að varðveita sögu mannsins en sú saga sem varðveitt er verður alltaf úrval.

Erfitt er að farga grip sem einu sinni hefur verið skráður í safnið og verður ekki gert nema í undantekningartilfellum, s.s vegna skemmda, ef gripur er falsaður, ef stjórn safnsins telur hann eiga frekar heima á öðru safni, ef hann samrýmist ekki söfnunarstefnu eða telst ekki varðveisluverður. Alltaf skal leita ráða fagfólks áður en grip er fargað.

Millisafnalán

Safnið getur lánað muni til sýninga eða rannsókna til annarra safna með samningum sem báðir aðilar samþykkja. Þar skal koma fram ákvæði um lánstíma og hvernig meðhöndla og tryggja eigi munina.

*Stefnan var samþykkt á fundi menningarráðs Dalvíkurbyggðar, 11.3. 2009
Samþykkt á 199. fundi bæjarstjórnar 17. mars 2009*